

Málarar tveggja tíma

Einar G. Baldvinsson


Hafi Íslendingar einhverntíma átt sér „skóla“ í myndlist, mun það hafa verið á kreppuárunum. Með orðinu skóli, er átt við hóp manna sem vinna undir svipuðum merkjum, eftir svipuðum leiðum og eru afmarkaðir í tíma og rúmi. Skóla kreppuáruna hefur Björn Th. nefnt raunsæjan expressjónisma. Stóru nöfnin voru Snorri Arinbjarnar, Þorvaldur Skúlason, Gunnlaugur Scheving og Jón Engilberts. Með blöndu, misjafnlega skammtadri af expressjónisma og kúbisma, tulkðu þessir menn atvinnulíf (eða réttara sagt atvinnuleysi) á fjórða áratugnum. Meitlud form þeirra og einföld en sterk litameðferð, hafði vel einföldu þjóðlífi þessara ára. Höfnin, naustin, verbúðirnir og sjávarplássin urðu þeim sú Lilja, „sem allir vildu kveðið hafa“. Af þessum stílfæru yrkiseffnum reis það táknmal sem einkenni íslensku myndlist á fimmta áratugnum og jafnvel fyrripart þess sjötta.

Einar G. Baldvinsson er einn þeirra manna sem fetuðu í fótspor áður nefndra málara. Þótt

eigin stíll og nálgast þá oft viðfangsefnið með dökkum og þykkum litum. Reyndar svipar þessum myndum til þeirra tilrauna sem þá voru á döfinni í spaðatekni, kannski runninni undan rífum útlendra málara eins og de Staël.

Snemma nær Einar valdi á litum, sem opinberast í myndum svo sem „I slipp“ frá 1957, einhverri fállegustu myndinni á sýningunni. Á sjöunda áratugnum málar Einar nokkrar myndir sem nálgast abstrakt-málverk, líkt og „Eldey“ frá 1966. En hann fer sínar eigin götur og um 1970 er eins og jafnvægis taki að gæta í myndum Einars. Hann notar pensil og spaða jöfnum höndum í stórum og oft dökkum myndum, sem hafa þó í sér fölginn kraft mikils litaspils: Aberandi í þessum flokki er „Keflavíkurhöfn“ 1971, mómumentalt og sterkt málverk, fullt af andrúmslofti sjávarsiðunnar.


Í nýrri verkunum slaknar mjög á þeirri spennu, sem einkennir leit Einars í fyrri verkum hans. Greinilegt er, að hér hefur hann náð fullkomnu valdi á tjámiðlum sínum og getur bókfætlega mál-



Íslands 1971—76, síðan í De Vrije Academie Psychopolis í Haag 1976—77 og loks við Jan van Eyck Academie í Maastricht 1977—79. Helgi hefur sýnt reglulega frá 1975, á Íslandi, í Hollandi og Sviss. Þetta er fimmta einkasýning Helga, en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði hér og erlendis.

Þátturinn sýnir einn af ferðum sínum til að segja frá einkennandi í verkum Helga. Myndir hans eru í tætt við myndasögur, þar sem myndum og texta er dengt saman. Það er samt langt í frá að myndirnar séu venjulegir myndasögur. Í þeim blandast ýmsar hugmyndir, jafnt myndrænar sem frásögulegar. Í óbeislublu hugmyndaflugi renna saman erotískar hugrenningar við alls konar myndsköpunartilraunir, tákn og verur, þannig að oft reynist erfið að höndla viðfangsefnið. Allt er þetta unnið á mjög hraðan hátt með nánast barnslegum (naivum) einfaldleik.

Helgi reynir að koma hugmyndum sínum til skila á eins beinan hátt og honum er frekast unnt. Hann skissar upp hugmyndir sínar, hverja á fætur annarri og notar kannski einn útgangspunkt í teikningu til að vinna þá næstu. Þannig fæðast tugir teikninga og hugmyndin þróast í gegnum þær og breytist.



Ekki virðist mér aðferð hans breytast á nokkurn hátt við notkun olju og striga. Hins vegar telur Helgi sjálfur, að ólían henti sér betur en vatnslitir, þar sem ferskleiki skissanna haldi sér betur í olíumálverkinu.

Serur Helga, en það fer varla fram hjá nokkrum að hér er um

að ræða myndrabir, eru gjarnan umbreytingamyndir (metamorfofur). Hlutirnir í myndum hans taka sífelldum breytingum, þróast úr einu í annað. Verk Helga eru líkt og órofa heild eða keðja, sem aldrei tekur enda. Maður verður að dýri, dýr verður að manni, hvert form breytist í annað, leysist upp og skreppur saman aftur. Þó koma þessi element fyrir aftur og aftur, sumir hlutir eru Helga hugleiknari en aðrir. Þannig virðist mannveran ganga eins og raudur þráður gegnum myndir hans. Einnig eru allslags dýr, hundar eða ljón (jafnvel sírenur) algeng í myndum Helga. Saman við fléttar hann svo geometrískum hlutum, þríhyrningum eða pýramíðum. Líti notar hann einnig sem hluti, svo sem litbönd sem taka breytingum. Texti fylgir svo sumum myndunum, eða stendur einn sér; yfirleitt einhver litil og skrytinn saga. Oft er textanum komið fyrir sem bólu í myndinni sjálfri.

Þótt Helgi finnússi ekki myndir sínar og forðist alla fagurfræði í teikningu, verka myndir hans undarlega vel á mann. Þær eru greinilega afrakstur frjós ímyndunararfs, sem virðist eiga sér lítil takmörk. Sýningu Helga lýkur 4. febrúar.



Myndlist

eftir Halldór Björn Rúnólfsson

yfirlitssýningu hans á Kjarvalsstöðum sé nýlókíð, tel ég mér skylt að geta lítilsháttar þessa merkilega myndlistarmanns.

Yfirlitssýningin spannar nær 30 ár. Elsta verkíð er frá 1950, hin yngstu frá síðasta ári. Einar segir teikningar broður síns hafa kveikt í sér löngun til að mála. Á öðrum stað segist hann hafa hrifist mjög af myndum Þorvaldar og Gunnlaugs, sjávarsiðan hafi orðið sér hugleikin. Lítið hefur því þurft til að leysa neistann úr læðingi og Einar hefur snemma vitað hvert tjáningarþörf hans vildi.

Fyrri myndir Einars eru gjarnan málaðar með spaða (pallett-hníf) og er þessi tækni áberandi í myndum hans fram yfir 1970. Stundum notar hann þessa tækni ásamt pensli, einkum í yngri verkum. Seinni myndir Einars frá síðustu árum eru nær eingöngu málaðar með pensli.

Þessi mismunur á tækni virðist ráða úrlitum í stílfróun Einars. Í fyrstu myndunum leitar hann að

á dreynslulaust. En um leið fer að gæta í æ ríkari máli þeirrar nostalgíu (söknuðar), sem einkennir stíl Einars. Það er líkt og hugur hans neiti að horfast í augu við eftirstriðsárin. Vafalaust er hér á ferðinni viss eftirsjá eftir hinu unga, óspilla Íslandi fyrirstriðsáruna, sem þrátt fyrir allt baslið þraukaði í von um betri tíð. Móttvin eru líkust því að ekkert hafi breyst í 40 ár og aðferðir við túlkun þeirra hinar sömu.

Þrátt fyrir þetta undarlega afturhvarf, verður sýning Einars að teljast viðburður sakir óvæfengjanlegra hæfileika hans sem málara.

Helgi Þ. Friðjónsson

Helgi Þ. Friðjónsson heldur nú sýningu í Gallerí Suðurgötu 7. Á einu af þeim póstkortum sem prentuð hafa verið eftir skissubókarteikningum Helga, stendur: Að Helgi hafi stundað nám í Myndlista- og handíðaskóla

GOTT GERT ÚR GÖMLU

„Þjóðlíf“ getur hvorki talist frumlegt né forvitnilegt nafn á blönduðum þætti á sunnudagskvöld. Það leiðir hugann að „þjóðmálum“ og jafnvel „þjóðmálaumræðu“, sem nú á dögum er vonlausasta nafn á þætti sem hugsast getur.

Þátturinn sjálfur var mun forvitnilegri en nafnið, — fyrst og fremst vegna þess að Sigrún

anum var kannski ekki fyrir að fara.

Kúnstir er að finna ný sjónarhorn, gera hlutina forvitnilega uppá nýtt, og nota til þess möguleika sjónvarpsins. Og það tókst þróðisvel í þættinum á sunnudagskvöldið. Hann var í alla stadi fagmannlega unninn, ekki staldrað of lengi við sömu hlutina og ekki of stutt heldur.



Sjónvarp

eftir Guðjón Arngrímsson

Stefánsdóttir gerir sér augljóslega grein fyrir yfirburðum sjónvarpsins gagnvart öðrum fjölmiðlum. Það er stutt síðan tímarit heimsótti forsetahjónin og birti myndir af innvi þar. Valdimar Ornlófsson og morgunleikfimin hans hafa sömuleiðis oft og mörgum sinnum verið efni blaða. Þorranum hafa verið gerð ýtarleg skil (að vanda) í dagblöðunum, og sömuleiðis forsetaframbjóðendum Sigríður Ella hefur oftan er einu sinni verið í löngum viðtölum í blöðum. Af þessu sést að frumleik-

Greinilegt var að talsverð vinna lá að baki og þegar svo er lætur árangurinn ekki á sér standa.

Að mörgu leyti var þessi þáttur mjög svipaður þætti Hildar Einarsdóttur laugardaginn á undan, en ólíkt skemmtilegri.

Munar þar mestu að fólkíð virtist hafa eitthvað að segja, nema kannski forsetaframbjóðendurnir, sem augljóslega voru tugaóstyrkir og tóku jafnan undir það sem næsti á undan sagði. Og svo kann Sigrún svolíð á sjónvarpið!

TIL VARNAR FYRIR AFPREYINGU

Miðnætursýningar í Austurbæjarbíói: Leikfélag Reykjavíkur sýnir Klerka í klípu. Höfundur: Philip King. Þýðandi: Evar R. Kvaran. Leikstjóri: Sigurður Karlsson. Leikmynd: Steinþór Sigurðsson. Lýsing: Daniel Williams-son.

í hlutverkum: Ragnheiður Steindórsdóttir, Margrét



Leiklist

eftir Helmi Pálsson

Ólafs dóttir, Jón Hjartarson, Soffía Jakobsdóttir, Harald G. Haraldsson, Kjartan Ragnars-son, Guðmundur Pálsson, Steindór Hjörleifsson, Sigurður Karlsson.

Það er nú að verða fastur líður í leikhúslífi borgarinnar að LR sýni ærslaleiki í Austurbæjarbíói um miðnætti. Virðist reyndar sem lítið sé á þessum sýningarum eitthvað sem liggja utan alvöruleikhúss, hefðbundnir frumsýningages- tirs lýstu því í það minnsta með fjarveru sinni á frumsýningu

— og jafnvel gagnrýnenda- hópurnar var bysna þunn-skipaður.

Innst inni hef ég grun um að ástæðan sé sú að vér, virðulegir borgarar og menntamenn teljum ærslaleiki einhverskon- ar óaðri skemmtun, eitthvað sem vér erum hafnir yfir, en má svo sem nota til að skemmta pöplinum með. Því

pöpullinn hefur jú alltaf heimt- að brauð og leiki.

Reyndar erum vér ekki fyrstir til að uppgötva þetta. Jafn- merkir höfundar og Dario Fo virðast hafa dottið ofan á hið sama — án þess þó að draga af því sömu ályktun. Þó merkilegt sé, Dario karlinn Fo virðist nefnilega ekki líta svo á að það sé syndsamlagt gegn listagýgj- unni að skemmta sér með ærslum. Hann hefur þvert á móti beislað orku ærslaleiks- ins — með svo göðum árangri að jafnvel sér ritin íslensku sjá



Klerkar í klípu: Jón Hjartarson og Soffía Jakobsdóttir í hlutverkum sínum.

ástæðu til að skamma hann (sbr. viðbrögðin við Við borg- um ekki).

En ef vér þyrðum að játa það (af ótta við að skada mennta- mannaheildurinn) held ég vér gætum viðurkennt að það er hollt að skemmta sér við gott grín. Að það er ekkert ljótt við að hlæja að botnlausri vitleysu. Eða með öðrum orðum að listin á líka að vera til afþreyingar. Það var akkúrat þetta sem rann upp fyrir mér þar sem ég sat í Austurbæjarbíói og hó svo að tárin rannu. Eg var að taka þátt í einhverri hollustu skemmtun mannkynsins: kómik sem er ekkert annað en kómik, gerir ekki kröfur til annarra tauga en hláturtaug-

anna frágu, biður ekki um neitt annað en að fá okkur til að gleyma amstri hversdagsins í hlátri.

Vitanlega er mér ljóst að leikrit eins og Klerkar í klípu er ekki merkilegt verk sem slíkt. Það verður líklega ekki einu sinni hlægilegt nema í meðferð göfra ærslaleikara sem njóta lífsins meðan þeir leika. Þó bregður þar fyrir tilsvörum sem eru brádfyndin í sjálfum sér — og Evar Kvaran hefur staðið sig vel við að þýða orðaleiki og meinhæðni. — Og vitanlega er mér ljóst að það er mikill munur á notkun Kings þessa á ærslslum og pólitískri beislun hins ítalska meistara sem ég nefndi. Samt hafa báðir gert sér grein fyrir sömu nauð-

syn fyrir alla list: að vera skemmtileg. Leiðinleg list verður aldrei góð list, hversu mikið s em hún er lofsungin fyrir djúpvisku og spaklegheit. Því aðeins hún veiti manneskj- unni nautn og ánægju af ein- hverju tæi er hún algóð og mik- ils virði.

Og nú kann einhver að spyrja: Þarf manneyinginn virkilega svona langan inngang bara til að afsaka að hann skemmti sér við „ómerkilegt“ leikrit? Því get ég svarað bæði neitandi og játandi, vildi heldur orða það svo að inngangurinn varð svona langur af því mér fanst þetta skipta máli í allri þeirri alvöru sem virðist vera að heltaka okkur.

Um leikritið er best að hafa sem fæst orð, einfaldlega til að ræna ekki tilvonandi leikhús- gesti ánægjunn. Um leikinn er óþarfi að vera margorður. Þarna er teft fram mörgum af ágætustu ærslaleikurum okkar. Manni kemur fátt á óvart — nema þá frammistaða þeirra sem maður hefur sjaldan eða aldrei séð í því líkum hlutverkum, s.s. Ragnheiðar og Soffiu. Annars er allt eftir kokka- bókum þarna.

Það var yndisleg tilfinning að vera í leikhúsi þetta kvöld. Einfaldlega vegna þess að maður var innan um fólk sem kunnir að meta heilbrigða afþreyingu, hafði vit á að gera þá kröfu til leikhússins að það væri skemmtilegt! Þökk fyrir.